

Til skólastjórnenda grunnskóla og framhaldsskóla, skólaskrifstofa og sveitarfélaga

Kópavogi, 7. maí 2020

Tilvísun: 2020-7309

## **Dreifibréf vegna undanþága til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa fyrir skólaárið 2020-2021**

Menntamálastofnun, að fenginni tillögu undanþágunefndar kennara, metur umsóknir skólastjórnenda um heimild til að lausráða starfsmann, sem ekki hefur leyfi Mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið kennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla eða framhaldsskóla, sbr. [lög nr. 95/2019](#) um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Sótt er um rafrænt í gegnum [island.is](#) en leiðbeiningar um hvernig skólastjórnendur veita sjálfum sér umboð til að sækja um og hvernig farið er inn í umsóknir er að finna [hér](#). Til að afgangi gangi fljótt fyrir sig er nauðsynlegt að þær séu vandlega útfylltar og að þær upplýsingar og þau fylgigögn sem beðið er um fylgi með umsókn til að tryggja að hún sé tæk til meðferðar. Ekki er hægt að taka umsóknir til meðferðar nema að fyrirbyggjandi séu allar þær upplýsingar og fylgigögn sem krafist er.

Aðeins rafrænar umsóknir eru teknar til meðferðar og afgreiddar.

### **Fylgigögn umsókna**

1. Afrit auglýsinga þar sem tilgreindar eru dagsetningar birtinga en auglýsa þarf tvisvar í allar stöður ef ekki fæst réttindakennari í fyrstu tilraun. Skyld er að auglýsa öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum eftir því sem við á í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitastjórnarlög, reglur settar samkvæmt þeim og kjarasamningum. Auglýsing telst endurtekin sé umsóknarfrestur framlengdur um a.m.k. 14 daga.
2. Afrit menntunargagna. Hafi áður verið sótt um fyrir viðkomandi starfsmann þarf ekki að senda menntunargögn aftur, nema hann hafi bætt við sig menntun á tímabilinu.

### **Ráðning umsækjenda í kennsluréttindanámi**

Ráðning umsækjenda sem leggja stund á nám til kennsluréttinda er heimil að fenginni staðfestingu og áætlun um námsframvindu, til allt að tveggja ára. Ekki er heimilt að endurráða slíkan starfsmann án undangenginnar auglýsingar að afloknum þeim tíma. Ekki þarf að sækja um undanþágur í slíkum tilvikum en tilkynningu um ráðningu þarf að senda Menntamálastofnun á netfangið [postur@mms.is](mailto:postur@mms.is). Þar þarf að koma fram nafn og kennitala starfsmannsins, nafn skóla og þess sem sendir tilkynninguna, á hvaða skólastigi námið veitir réttindi til kennslu, upplýsingar um áætluð námslok og dagsetningar birtinga auglýsinganna, fyrri og seinni birting, ásamt afriti auglýsinga.

## Vakin er athygli á eftirfarandi atriðum

1. Samkvæmt 1.mgr. 18.gr. laga nr. 95/2019 skal kennsla falin kennurum sem þegar hafa ráðningu eins og við verður komið. Þó er skólastjórnendum heimilt að ráða án auglýsingar, kennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis kennara, enda sé afleysingu ætlað að standa skemur en 12 mánuði. Gert er þá ráð fyrir að sérfræðingar sem sinna skulu kennslu bók- og listnáms á 2.-4. hæfniprepi og þriðja tungumáls í framhaldsskóla hafi að lágmarki þá hæfni sem krafist er við námslok á stigi 1.2. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður á viðkomandi fræðasviði.
2. Skólastjórnanda er heimilt að ráða án auglýsingar kennara til kennslustarfa sem standa eiga í tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en 1/3 hluta starfs. Sömuleiðis að ráða sérfræðinga eða kennara til kennslu sem nemur að hámarki 240 mínútum á viku, skv. 2.mgr. 18.gr. laganna. Hér er einkum átt við þegar um kennslustörf er að ræða sem menntun og sérhæfing fastra kennara dugir ekki til, svo sem vegna mjög sérhæfðrar eða óvenjulegrar kennslu miðað við viðkomandi skólastig, t.d. kennslu í ákveðnum valgreinum á unglingastigi, kennslu í afmörkuðum þáttum lífsleikni og ýmis tilfallandi verkefni.
3. Þegar um er að ræða umsókn vegna kennslu í skólaíþróttum ber að tilgreina hvort það sé sund- og/eða íþróttakennsla. Umsóknir vegna sundkennslu eru samþykktar með þeim fyrirvara að viðkomandi starfsmaður taki hæfnipróf sundstaða, sbr. [reglugerð nr. 814/2010](#) um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. **Heimild Menntamálastofnunar til undanþágu vegna íþróttakennslu felur því ekki í sér samþykki fyrir sundkennslu.** Umsóknir vegna forfallakennslu ná ekki til forfallakennslu í sundi og þarf að tilgreina sund sem kennslugrein sérstaklega þegar sótt er um.
4. Heimild til lausráðningar starfsmanns gildir aldrei lengur en til eins árs í senn. Ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.
5. Mælst er til þess að starfsmaður sem sinna á kennslustarfi sé ekki settur á launaskrá fyrr en undanþáguheimild liggur fyrir.

Bestu kveðjur,

Svanhildur Steinarsdóttir,

sérfræðingur hjá Menntamálastofnun.